

Fundur FRÍ-GOGG og GOGG 16. október 2025

Kl. 10-11:30 í Félagsheimilinu Borg

Frá FRÍ-GOGG: Snjólfur Ólafsson og Guðríður Guðmundsdóttir (Gurry)

Frá GOGG: Ása Valdís Árnadóttir og Smári Bergmann Kolbeinsson

Dagskrá

1. Fasteignagjöld

Sveitarstjórn hefur ekki samþykkt fjárhagsáætlun fyrir árið 2026 og ekki ljóst hvort álagningaprósenta fasteignagjalda hækki, verði óbreytt eða lækki svolítið. Fasteignamat frístundahúsa í sveitarfélaginu hækkaði um ríflega 10% sem er nokkuð umfram verðbólgu. Í ljósi þess telur Snjólfur eðlilegt að vænta þess að prósentan lækki örlítið.

2. Styrkir til veghalds

Upphæðin fyrir 2025 var 10 m.kr. sem var umtalsvert hærri en árið áður. Stutt er þar til styrkjum verður úthlutað. Ljóst er að styrkirnir standa undir mun hærri hluta kostnaðar en árin á undan, líklega yfir 20% að meðaltali. Ekki stendur til að hækka styrkina að raungildi á næsta ári en hefur þó ekki verið staðfest af sveitarstjórn þar sem fjárhagsáætlun hefur ekki verið staðfest.

3. Sorphirða

Stöðugt er unnið að því að bæta sorphirðu, en segja má að hún sé í þokkalegu standi núna. Á einhverjum grenndarstöðvum á það til að rusl sé skilið eftir fyrir utan fulla gáma og í þeim tilvikum þarf annað hvort að tæma oftast eða fjölga gámum. Einnig er eitthvað um það að úrgangur sem á ekki heima á grenndarstöðvum sé skilinn eftir þar, t.d. ónýtt húsgögn. Slíkan úrgang þarf að fara með á gámastöðina við Seyðishóla. Stöðugt er unnið að því að bæta grenndarstöðvar og nú er á dagskrá að girða í kringum nokkrar þeirra. Einnig er hafinn undirbúningur að því að skoða það að koma fyrir myndavélum við grenndarstöðvarnar og vakta þær þannig.

4. Seyrulosun

Sveitarfélagið sér um seyrulosun í frístundahúsahverfum og innheimtir seyrhreinunargjald sem á að standa undir öllum kostnaði við seyrhreinun. Markmiðið er að gera þetta þannig að kostnaður verði sem minnstur en þjónustan samt góð. Á árinu 2024 var ákveðið að hefja verkefni sem fælist í því að hreinsa seyr hjá frístundahúsum að jafnaði á 5 ára fresti í stað 3 ára fresti, og minnka þannig þörf á að hækka seyrhreinunargjaldið. Slík breyting tekur nokkur ár og var byrjað á þeim á árinu 2025.

Í flestum tilvikum nægir að hreinsa rotþrær á 5 ára fresti, en ekki alveg öllum. Í sumum tilvikum er reyndar vandamál að komast að rotþrónni, óháð því hvort hreinsað er á 3 eða 5 ára fresti. Í sumum tilvikum er vandamálið að rotþróin er of lítil eða ekki í samræmi við nútíma kröfur og oftast er þá um eldri bústaði að ræða. Í sumum tilvikum er notkun frístundahúss óvenju mikil, t.d. þegar frístundahús er í mikilli útleigu.

Sveitarfélagið mun áfram vinna að því að bæta seyrhreinsum, þannig að þjónustan verði góð en kostnaður lítill. Sveitarfélagið mun jafnframt vinna að því að upplýsa frístundahúsaeigendur betur um þessi mál.

5. Lögheimili í frístundahúsi

Ekki er heimilt samkvæmt lögum að skrá lögheimili í frístundahúsi, þ.e. að skrá lögheimili í frístundahúsahverfi. Einstaka sveitarfélag, t.d. GOGG, getur því ekki veitt einstaklingi leyfi til að skrá lögheimili sitt í frístundahúsi í sveitarfélaginu.

Hægt er að skrá lögheimili í sveitarfélag, t.d. GOGG, án tilgreinds heimilisfangs. Þessu fyrirkomulagi geta fylgt ákveðin vandamál eða erfiðleikar, bæði fyrir einstaklingana og sveitarfélagið. Því væri æskilegt að gera breytingar til að bæta ástandið, en óljóst og kannski umdeilt hvaða breytingar væru áskilegar.

Nú vill svo til að þann 11. september 2025 var haldinn vinnudagur á vegum Sambands íslenskra sveitarfélaga (SÍS) um þessi mál og finna má upplýsingar um þann vinnudag á VEFSLÓÐ. Auk einstakra sveitarfélaga er SÍS eðlilegur vettvangur til að vinna að tillögum um breytingar sem snerta búsetu í frístundahúsum og þá í samvinnu/samtali við þau samtök eða félög sem málið varðar, t.d. Landssamband sumarhúsaeigenda.

<https://www.samband.is/fundargerdir/8Ea3luhYIEujgTOwxxfMRw1>

Hér er fundargerðin og þetta er liður 3 í henni.

Þessa fundargerð rituðu

Snjólfur Ólafsson og Ása Valdís Árnadóttir